



HÁSKÓLI ÍSLANDS

DEILD MENNTUNAR OG MARGBREYTILEIKA

Málar 2011003

2. NOV 2020

Netlykill 02.06.00

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Reykjavík, 22. október 2020

Efni: Handbók og vinnusmiðjur um virkt samráð

Til þess er málið varðar,

Þetta bréf og meðfylgjandi handbók um samráð er sent til allra sveitarfélaga landsins. Við viljum vekja athygli á skuldbindingum sveitarfélaga um samráð við fatlað fólk varðandi lagasetningu, stefnumótun og skipulag þjónustu.

Aðstandendur verkefnisins Jafnrétti fyrir alla og Menntavísindasvið Háskóla Íslands standa að útgáfu handbókar um samráð. Handbókin er ætluð þeim sem standa fyrir samráði (ríki og sveitarfélögum) og fötluðu fólki sem tekur þátt í samráði.

Verkefnið Jafnrétti fyrir alla hefur verið starfrækt frá árinu 2015 við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kveikjan að verkefninu var sú að Ragnar Smárasón og Gísli Björnsson útskrifuðust úr starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun við Háskóla Íslands og höfðu áhuga á að starfa innan háskólans við rannsóknir og fræðslu. Stofnuðu þeir til samstarfs við Kristínu Björnsdóttur prófessor á Menntavísindasviði og til varð verkefnið Jafnrétti fyrir alla. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðunni <https://jafnrettifyriralla.is/>

Í framhaldi þessa bréfs viljum við bjóða öllum sveitarfélögum upp á vinnusmiðjur um samráð við fatlað fólk. Um er að ræða smiðju sem tekur um klukkustund og hefst á stuttri kynningu en svo tekur verkefnavinna við. Ekki þarf að greiða fyrir vinnusmiðjuna en sveitarfélögin þurfa að útvega húsnæði og greiða fyrir ferðir og upphald leiðbeinanda sé farið út fyrir höfuðborgarsvæðið.

Þar sem heimsfaraldur af völdum kórónuveirunnar hefur áhrif á námskeiðahald munum við bjóða upp á vinnusmiðjur í gegnum Zoom þar til öruggara verður að koma saman í hópum.

Hægt er að panta vinnusmiðjur í tölvupósti jafnretti2018@gmail.com

Kær kveðja,

Gísli Björnsson, verkefnastjóri

Ragnar Smárasón, verkefnastjóri

Kristín Björnsdóttir, prófessor

Sigurlaug Gísladóttir, aðstoðarkona